

Erindi vegna aðbúnaðar í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri

Dags: 28.október 2022

Fulltrúar úr stjórn foreldrafélags brugðu sér í heimsókn í kennslurýmið á Eyrarbakka nú í vikunni og má segja að okkur hafi vægast sagt brugðið. Við skoðun kemur ýmislegt í ljós sem lengi hefur verið í ólagi og hefur í raun lítið með myglu að gera. Við viljum benda á eftirfarandi atriði og fá svör við því hvenær má búast við úrbótum því eftirfarandi aðstæður hljóta að vera brot á jafnræðisreglu til náms vegna aðbúnaðar.

- Í fyrsta lagi kemur það bersýnilega í ljós að ekkert rými er til að sinna stoðþjónustu á Eyrarbakka, og hefur verið lengi. Nú eftir að kennsla var færð til bráðabirgða í útihúsnæði er hvergi rými til að tala um viðkvæm málefni - nema kennari/starfsmaður hreinlega fari inn á klósett með nemendur. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta komi til með að lagast, að einhverju leyti, með bráðabirgðahúsnæði en vandinn er samt til staðar núna og hefur verið. Vert er líka að minnast á að samkvæmt nýjustu upplýsingum mun bráðabirgðahúsnæði ekki verða tilbúið fyrr en í fyrsta lagi í desember.
- Annað atriði sem sárlega stakk okkur voru kennslugögn, það er að segja tækjabúnaður er með ÖLLU óboðlegur fyrir kennslu í grunnskóla. Þrátt fyrir að vera lítil skóli þá eru ekki til nógu margar tölur sem: eru í lagi, ekki komnar á tíma o.s.frv., til að hægt sé að kenna á nema einum bekk í einu. Það hefur verið til happs að bekkjardeildir síðustu ár hafa ekki farið mikið yfir 16 nemendur en eins og er þá eru til 19 tölur í mis góðu ásigkomulagi . Ípadar sem voru keyptir fyrir skólann og áttu að tákna upphaf tæknivæðingu hefur að miklu leyti reynst bjarnargreiði því að stærð ipada er svo lítil að ekki geta tveir nemendur nýtt sama ipad (32gb er varla nothægt fyrir síma í dag). Við erum núna að senda frá okkur útskriftanema sem hafa ekki greiðan aðgang að tölvu eða tæknivæðing sem er nauðsynlega á efri menntastigum og hreinlega til að fúnkera í heiminum í dag.
- Þriðja atriði sem hefur stungið okkur sérstaklega er sundkennsla þar sem að ekki er hægt að kenna allar tegundir af sundi þar sem að lauginn er hreinlega of grunn og ekki má stinga sér í henni. Það að sundkennsla skuli vera redding er með öllu óboðleg en sérstaklega í sjávarþorpum þar sem það myndi teljast lífsnauðsynlegt að geta synt.

Þessi atriði eru aðeins brot af þeim ísjaka sem foreldrafélag Barnaskólans hyggst berjast fyrir en einhvers staðar verðum við að byrja og það er hér. Þetta eru atriði sem að verður að taka á því að það fer bara að verða tímaspursmál hvenær við missum góða og mjög hæfa kennara úr starfi vegna álags og aðbúnaðar. Það er eiginlega með ólíkindum að starfsfólki skólans og nemendum sé boðið upp á vinnuaðstæður sem hreinlega stuðla að og ýta undir brottfall í báðum hópum. Það minnsta sem við getum gert er að bjóða þeim upp á aðstæður og tækjabúnað sem hæfir kennslu. Að auki getur það varla talist eðlilegt að foreldrar, forráðamenn og starfsfólk skólans þurfi að berjast með kjafti og klóm fyrir réttindi barna sinna til að stunda nám við eðlilegar og boðlegar aðstæður.

Fyrir hönd foreldrafélags Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyrar

Áslaug Halla Elvarsdóttir formaður

Drífa Pálín Geirs varaformaður og gjaldkeri